


1.4 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



Rekstur HER (m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Tekjur	56	142	-85	-60,2%
Laun og launat. gj.	324	277	48	17,2%
Annar rekstrark.	33	27	6	22,3%
Nettó útgjöld	301	162	139	85,7%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur janúar – september 2025 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld eftirlitsins voru 301 m.kr. eða 139 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 85,7%.

Tekjur voru 56 m.kr. sem var 85 m.kr. undir áætlun tímabilsins eða um 60,2%. Tekjur **matvælaeftirlits** voru 40 m.kr. undir áætlun og tekjur **umhverfiseftirlits** voru 47 m.kr. undir áætlun tímabilsins. Ekki hafa enn verið sendir út reikningar vegna reglubundins eftirlits.

Laun og launatengd gjöld námu 324 m.kr. sem var 48 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 17,2%. Launakostnaður **matvælaeftirlits** var 13 m.kr. umfram fjárheimildir og **umhverfiseftirlitið** var 29 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins. Umfram launakostnaður er einkum vegna starfsmats hjá FÍN sem ekki hefur verið bætt.

Annar rekstrarkostnaður nam 33 m.kr. sem var 6 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða 22,3%.

Málaflokkar HER (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2025	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2025	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2025	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2025	Frávik	%
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits	0	0	0	28	27	1	0	3	-3	29	30	-2	-6,2%
Matvælaeftirlit	32	73	-40	121	108	13	23	14	9	112	49	63	129,3%
Umhverfiseftirlit	22	69	-47	147	118	29	3	3	0	128	53	75	143,2%
Vöktun	2	0	2	27	23	4	7	7	0	32	30	2	6,2%
Samtals	56	142	-85	324	277	48	33	27	6	301	162	139	85,7%